

Nd.

319. Nefndarálit

[55. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Fiskveiðasjóður Íslands á nú í útborguðum lánnum um 275 millj. kr. Lán, sem sjóðurinn hefur tekið í erlendum gjaldeyri, nema um 64 millj. kr. Tekjur sjóðsins af útflutningsgjaldi áætlað stjórn sjóðsins 38 millj. kr. á þessu ári. Enn fremur áætlað hún tekjur af vöxtum og afborgunum af útlánnum, að frádregnum vöxtum og afborgunum af skuldum sjóðsins, en að meðtöldu ríkisframlaginu, ca 25 millj. kr. Bankainnstæða sjóðsins um síðustu áramót nam um 12 millj. kr. Útborguð lán á árinu 1961 eru áætluð nál. 130 millj. kr. Á þessu ári og eftirleiðis mun sjóðurinn að líkindum þurfa á allmiklu erlendu fjármagni að halda og þá biðja tjón af útlánnum þess fjár, ef skráningu erlends gjaldeyris verður síðar breytt til hækkunar.

Hér er um það vandamál að ræða, hversu með skuli fara, ef erlendar skuldir lánsstofnana hækka í íslenskum krónum vegna gengisbreytingar. Það er um þrjár leiðir að velja:

1. Að hlutaðeigandi lánsstofnun greiði sjálf mismuninn án endurkröfuréttar gagnvart lántakendum, eins og algengast hefur verið hingað til.
2. Að lántakendur greiði mismuninn þannig, að eftirstöðvar lána hækki í íslenskum krónum. Það er sú leið, sem gert er ráð fyrir í frv. að því er varðar Fiskveiðasjóð Íslands. Aðspurð af nefndinni hefur stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna samþykkt þá leið fyrir sitt leyti.
3. Að ríkisvaldið, sem ákveður gengisbreytinguna, sjái svo um, og þá væntanlega með löggjöf, að þriðji aðili greiði hugsanlegt gengistap á erlendu fjármagni í útlánnum og að fé sé fyrir hendi til þess.

Einnig er hægt að hugsa sér, að hver þessara leiða verði farin að nokkru leyti, fleiri en ein leið samtímis.

Minni hl. telur, að ýtarleg athugun á þessum leiðum eigi að fara fram nú hið allra fyrsta, og getur þegar af þeirri ástæðu ekki mælt með því, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir. Jafnframt tekur minni hl. fram, að hann telur, að í sumum lánsstofnunum að minnsta kosti sé ekki gerlegt að láta þá, er föst lán hafa, taka á sig hækkun á höfuðstól lánanna í íslenskum krónum við gengisbreytingu, og vafamál, hvort slíkt sé yfirleitt eðlilegt eða óhjákvæmilegt. Sum fasteignaveð hækka ekki neitt teljandi í verði, þó að gengislækkun verði á krónunni. Um þetta telur hann þó ekki rétt að kveða fastar að orði, fyrr en nánari athugun málsins hefur farið fram.

Hins vegar er á það að líta, að fyrir liggja frá fiskveiðasjóði upplýsingar um, að sjóðurinn eigi nú kost á erlendu láni, sem sé því skilyrði bundið, að hann tryggji sig gegn gengistapi á því að lána þetta fé út. Sjóðurinn mun, eins og sakir standa, ekki fús til að taka að sér að veita lán af erlendu fé, meðan ekki er fyrir því séð á einhvern hátt, að honum verði bætt tjón af gengisbreytingu, ef til hennar kæmi. En þörfin á erlendri lántöku er brýn þegar á þessu ári. Með tilliti til þess getur minni hl. fallizt á og mælt með því sem lausn til bráðabirgða í þessu máli, að ákveðið verði með lögum, að ríkissjóður bæti fiskveiðasjóði gengistap, sem verða kann á allt að 50 millj. kr. erlendu láni, ef tekið verður á árinu 1961.

Minni hl. flytur því brtt. við frv. og telur sér ekki fært að mæla með því, eins og það liggur fyrir. Hins vegar er hann samþykktur efni l. gr., þar sem gert er ráð fyrir að hækka lántökuheimild sjóðsins, og mundi mæla með slíkri breytingu, ef hún væri borin fram út af fyrir sig.

Alþingi, 31. jan. 1961.

Gísli Guðmundsson.